

Fundargerð 80. aðalfundar
SFR stéttarfélags í almannajónustu
26.janúar 2019

80.aðalfundur SFR var haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, laugardaginn 26.janúar 2019 kl. 11.30. Alls skráðu 65 félagsmenn sig á mætingarlista fundarins.

Dagskrá Aðalfundar :

1. Kosning fundastjóra og ritara
2. Formaður SFR tekur til máls
3. Tillaga stjórnar um sameiningu félaganna og breyting á 3.gr. laga SFR.
4. Hlé
5. Tillaga um nafn á hinu sameinaða félagi verður borin upp
6. Tillögur að lagabreytingu
7. Tillaga stjórnar um að ný lög félagsins, sem lögð voru fram á fundinum og lágu fyrir á skrifstofu félagsins fyrir fundinn verði borin upp til samþykktar.
8. Ákveðið árgjald félagsmanna og skipting þess á milli sjóða
9. Ályktanir aðalfundar afgreiddar
10. Önnur mál

Árni Stefán Jónsson formaður SRF setti fundinn og bauð félaga velkomna. Fyrsta mál á dagskrá kosning fundarstjóra og ritara fundarins. Hann bar upp tillögu að Gestur Jónsson yrði fundarstjóri og Stefanía Jóna Nielsen ritaði fundinn. Einróma samþykkt með lófaklappi.

Gestur Jónson tók við fundinum og Stefanía Jóna settist við borð fundaritarara. Gestur þakkar fyrir traustið og bendir á að löglega hafi verið staðið að boðun hans, 35 klst fyrir fund. Ber upp hvort einhver hafi einhverjar athugasemdir við það, engar athugasemdir bárust og telst því fundurinn lögmatúr.

Farið var yfir hvað á lagalega að fara fram á aðalfundi en verður festað, verður tekið fyrir á framhaldsaðalfundi sem verður haldinn í mars. Engar athugasemdir bárust vegna frestunar á öðrum málum til mars, á framhaldsaðalfundi sameinaðs félags. Fjallað verður um þrjá dagskráliði á þessum fundi: lagabreytingar, ný lög fyrir sameinað félag, tillaga að félagsgjöldum og síðast en ekki síst ályktanir.

Fyrir fundinn eru bornar upp tillögur stjórnar að sameiningu félaganna og breytingu á 3.gr. laga SFR að samþykktum.

Gestur ber upp A lið til samþykktar:

A. Tillaga að sameiningu félaganna:

Aðalfundur SFR stéttarfélags í almannáþjónustu (SFR), haldinn 26. janúar 2019, samþykkir að sameina starfsemi SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar (St.Rv.) í samræmi við samþykki félagsmanna í allsherjaratkvæðagreiðslu sem fór fram í nóvember 2018.

Við sameininguna fær nýja (sameinaða) félagið nýtt nafn, nýja stjórn og tekur yfir alla starfsemi félaganna, þ.m.t. eignir og skuldir, réttindi og skyldur, kjarasamninga og kjarasamningsgerð félaganna.

Við sameininguna verður lögum SFR breytt þannig að framangreindum markmiðum verði náð og að stjórn félagsins verði skipuð núverandi fulltrúum í stjórnnum félaganna.

Félagsmenn SFR og St.Rv. skulu njóta félagsréttinda í nýju (sameinuðu) félagi eins og um samfellda félagsaðild hafi verið að ræða frá þeim tíma er þeir urðu félagar í SFR eða St.Rv.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

Félagsmaður út í sal vill tjá sig um tillöguna. Gestur les upp glæruna og útskýrir hvað er verið að samþykkja og hvað er tilkynning. Fyrstu 2 liðirnir eru tilkynning.

Tillaga var **samþykkt** samhljóma, engar athugasemdir.

Gestur ber upp B lið til samþykktar og les upp 3.gr.6 tölulið: réttur til inngöngu, tillagan felur í sér að allir félagar St.Rv. geta komið inn í félagið án skerðingar.

B. Breyting á 3.gr. laga SFR:

Vegna sameiningarinnar samþykkir aðalfundur SFR breytingar á 3.gr. laga félagsins á þann veg að nýr töluliður, nr 6, verði hluti af greininni og hljóði svo : Félagsmenn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Engar athugasemdir við upplestur. Gestur óskar eftir samþykki.

Tillagan **samþykkt** með þorra atkvæða, 3 voru á móti.

Athugasemd berst utan úr sal, “er verið að leggja félagið niður á bak við tjöldin?”, “er löglega staðið að þessari sameiningu?” og “þurfa breytingar ekki að vera samþykkt af 2/3 af félagsmönnum. Gestur svarar þessu: sameiningin er lögleg, það er ekki verið að leggja niður félagið og kosningin um sameininguna fór löglega fram og var samþykkt með meirihluta atkvæða.

Spurt er um réttindi félagsmanna, Gestur segir réttindi haldast óbreytt og St.Rv. kemur inn í SFR með sín réttindi, enginn tapar þeim árum eða réttindum sem þeir áttu í félögunum.

Hlé gert á fundi.

Eftir hlé komu félagsmenn St.Rv. inn á fundinn og hefst aðalfundur sameinaðs félags. Í hópinn bætist fundaritari St.Rv., Ingibjörg Sif Fjeldsted, og verða fundaritarar tveir. Gestur tekur til máls og biður um hljóð, býður alla velkomna. Á fundi St.Rv. var **samþykkt** með meginþorra atkvæða að hefja inngöngu í sameinað félag. Á fundi SFR var **samþykkt** með meginþorra að félögin sameinuðust.

Gestur fer yfir lögbundna dagskrá aðalfundar og yfir það sem verður frestað til framhaldsaðalfundar í mars.

1. Skýrsla stjórnar (frestað)
2. Reikningar félagsins (frestað)
- 3. Lagabreytingar**
4. Stjórnarkjör (frestað)
5. Kosning skoðunarmanna og löggilds endurskoðenda (frestað)
6. Kosnir fimm menn í kjörstjórn og jafn margir til vara (frestað)
- 7. Ákveðið árgjald félagsmanna og skipting milli sjóða**
8. Kosið í stjórnir (frestað)
9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar (frestað)
- 10. Ályktanir aðalfundar afgreiddar**
11. Önnur mál

Fjallað verður um þrjú atriði á þessum fundi af lögbundinni dagskrá aðalfundar, þ.e. lagabreytingar, tillaga að félagsgjöldum og ályktanir.

Borið undir fundinn nýtt heiti á sameinuðu félagi.

Árni Stefán tekur til máls og kynnir nýtt heiti. Nýtt heiti er Sameyki stéttarfélag í almannajónustu. Farið er yfir þýðingu nafnsins ásamt því hvernig það varð til. Gestur biður umm atkvæðagreiðslu við nýju nafni. Spurt er hvort þetta komi til með að vera skammstafað. Svar nei.

Atkvæðagreiðsla fer fram og er nafnið samþykkt með meginþorra atkvæða, 6 voru á móti. Ekki ósk um talningu atkvæða. Telst nafnið **samþykkt**.

Árni Stefán tekur við og er vinningshafi nafnsins, Sameyki stéttarfélag í almannajónustu, kölluð upp, Margrét Högnadóttir og fær hún að launum gjafabréf og blóm. Myndartaka með formönnum nýs félags og vinningshafa í nafnasamkeppninni.

1. Lagabreytingar

Gestur tekur við keflinu á ný og ber fram tillögur að lögum sameinaðs félags. Tillaga að lagabreytingarnar verði tekið fyrir í einu lagi og allt lesið upp og að lokum atkvæðagreiðsla, á lögunum í heild sinni.

Sú tillaga **samþykkt** einróma.

Árni Stefán tekur við og fer yfir megin atriði þessa laga (heildarlögin í fylgiskjali 1). Segir hann að aðdragandinn hefi verið langur, skipuð var laganefnd til að vinna í þessum lögum. Á milli voru lagadrögin sett fyrir rýnihópa og stjórnir, margar breytingar gerðar í ferlinu, sem laganefnd færði inn jafnóðum og var heildarferlið unnið lifandi og yfir langt tímabil. Vandað var til verka og öllum steinum velt upp. Í mars verður svo skipuð önnur laganefnd og farið verður aftur yfir lögin, gert ítarlegra og nánar farið í atriðin. Stórar ábendingar komu til

dæmis frá rýnihóp, s.s. um kynjakvóta í lögnum sem verður eitt þeirra atriða sem verður tekið fyrir í mars. Jafnréttisnefnd BSRB mun koma þar að.

Árni fer lauslega yfir fyrstu kafla laganna. 3 kafla fjallar um stjórn og stjórnarkosning, útskiptireglu og 15 manna stjórn, en hvort félag var áður með 11 manna stjórn. Hámarksseturtími formanns verður 12 ár. Stjórnarmenn geta farið í frí og komið aftur inn. Meðstjórnendur geta verið í 9 ár. Verið er að tryggja endurnýjun í stjórninni. Farið er lauslega í atriðin, kosning stjórnar, 3 þrep, fulltrúaráð, nefnd, trúnaðarmannaráð og fulltrúaráð. Breyting er þar hjá St.Rv., fundur var í maí 2018 þar sem fjallað var um hvernig nýja félagið myndi taka á fulltrúaráði og trúnaðarmannaráð, hvernig þetta skuli vera skipað. Trúnaðarmönnum mun fjölga og mikið hjá St.Rv., trúnaðarmenn skipa trúnaðarmannaráð. Það ráð er boðað tvisvar sinnum á ári. Fulltrúaráð, þar eru sumir sjálfkjörnir og aðrir kosnir. 90 manns kosnir og 120 manns eiga sæti.

26. gr.

Fulltrúaráðið er skipað stjórn félagsins, formönnum sjóða félagsins og 90 fulltrúum sem kosnir eru af trúnaðarmannaráði á fyrsta trúnaðarmannaráðsfundi að hausti eftir kosningu á oddatöluári. Við kosningu fulltrúa í fulltrúaráð skal tryggt að lágmarki séu tveir fulltrúar frá eftirtöldum landshlutum: Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi Vestra, Norðurlandi Eystra, Austurlandi, Suðurlandi og Reykjanesi. Einnig skal vera tryggt að eftirtaldar kjarasamningseiningar eigi ákveðinn tiltekinn fjölda fulltrúa í ráðinu, (1) kjarasamningur – ríkisins/sjálfseignarstofnanir, (10 fulltrúa), (2) kjarasamningur – sveitarfélaganna/sjálfseignarstofnanir (10 fulltrúa), (3) kjarasamningur – SA og annarra sem félagið gerir kjarasamning við (5 fulltrúa). Formaður félagsins er jafnframt formaður fulltrúaráðs. Trúnaðarmannaráð skal setja nánari reglur um framkvæmd kosninga í fulltrúaráði.

Með þessu er verið að reyna að tryggja að allir sem við gerum kjarasamninga fyrir séu með aðila í þessu fulltrúaráði.

27. gr.

Fulltrúaráð skal vinna að stefnumótun fyrir félagið í samráði við stjórn og annast undirbúning fyrir aðalfund félagsins, þar á meðal að kjósa uppstillingarnefnd og laganefnd þegar það á við. Á fundum fulltrúaráðs skal m.a. gerð grein fyrir fjárhagsstöðu sjóða félagsins og lögð fram skýrsla yfir starfsemina einu sinni á ári. Fulltrúaráð skal ákveða hvaða fastanefndir skulu starfa og setja þeim reglur og kjósa í þær. Fulltrúaráð getur einnig stofnað aðrar nefndir eða vinnuhópa innan félagsins í kringum sérstök verkefni. Fulltrúaráð skal fjalla um kjara- og réttindamál og annast undirbúning kjarasamninga.

Að lokum les Árni upp 14. kafla sem fjallar um hvernig verið sé að standa að sameiningunni og segir að stjórnin muni haldast óbreytt í tvö ár til að ganga frá öllu vegna sameiningarinnar. Gefum við okkur þennan tíma vegna kjarasamninganna sem eru lausir í ár. Verfallssjóður og orlofssjóður halda sér.

14. kafli

Bráðabirgðaákvæði vegna sameiningar SFR stéttarfélags í almannahjónustu og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar (St.Rv.) byggjast á samþykki félagsmanna í

allsherjaratkvæðagreiðslu sem fór fram í nóvember 2018. Sameining félaganna verður með þeim hætti að nafni SFR, stjórn og lögum verður breytt og munu þau gilda um sameinað félag.

Félagsmenn St.Rv. fá aðild að sameinuðu félagi á aðalfundi sem er haldinn 26. janúar 2019 og skulu njóta þar félagsréttinda eins og um samfellda félagsaðild hafi verið að ræða frá þeim tíma er þeir urðu félagar í St.Rv.

Stjórn sameinaðs félags verður skipuð núverandi stjórnnum SFR og St.Rv. næstu tvö árin. Formaður SFR verður formaður sameinaðs félags og formaður St.Rv. varaformaður. Orlofs- og vinnudeilusjóðir félaganna skulu sameinaðir. Stjórn sameinaðs félags ákveður hverjir verða formenn stjórnna sjóðanna til næstu tveggja ára.

Núverandi trúnaðarmannaráð SFR og fulltrúaráð St.Rv. skulu starfa áfram þar til kosning um nýja trúnaðarmenn fer fram í maí 2019 og í framhaldi kosning í fulltrúaráð sameinaðs félags.

Ákvæði 14. kafla laganna falla úr gildi á aðalfundi sameinaðs félags sem verður haldinn árið 2021.

Gestur Jónsson tekur við og biður um orðið.

Gestur vill að það liggi alveg ljóst að núverandi lög falli úr gildi og ný lög taka gildi, sem fjallað hefur verið um. Ábending berst að það vanti ákvæði í nýju lögin til að tryggja réttindi eftirlaunaþega. Garðar Hilmarsson les upp viðbót við grein um réttindi eftirlaunaþega, 4.gr. og yrði viðbótin 3.mgr.

4. gr. 3. mgr.

Félagismaður sem lætur af starfi á aldursmörkum eða vegna veikinda og hefur unnið sér rétt til eftirlauna eða örorkubóta, heldur öllum félagsréttindum ef hann kýs, en skal vera gjaldfrjál. Félagar geta óskað þess að stjórn félagsins hafi afskipti af ráðningarkjörum, starfskjörum, eftirlaunum, brottvikningu og öðru því sem máli skiptir í samræmi við tilgang félagsins.

Matarhlé

Gestur Jónsson biður um orðið og fer í viðbótartillögu 4gr. 3 mgr. sem birtist á skjá. Gestur óskar að ef það komi athugasemdir eða annað utan úr sal segi sá aðili hátt og skýrt til nafns.

4.gr. 3.mgr.

Félagsmaður sem lætur af starfi á aldursmörkum eða vegna veikinda og hefur unnið sér rétt til eftirlauna eða örorkubóta, heldur öllum félagsréttindum ef hann kys, en skal vera gjaldfrjáls. Félagar geta óskað þess að stjórn félagsins hafi afskipti af ráðningarkjörum, starfskjörum, eftirlaunum, brottvikningu og öðru því sem máli skiptir í samræmi við tilgang félagsins.

Þórunn hjá Fiskistofu tekur til máls: Spyr um nýja viðbót, heldur félagsmaður réttindum sínum til æviloka? Árni segir aðila geta gengið í lífeyrisdeild Sameykis.

Jakobína Þórðardóttir tekur til máls og fer yfir greinina, ellilífeyrisþegar geta ekki sótt í sjóði sem vinnuveitandi greiðir í, en hafa réttindi í orlofssjóði og að sækja fundi sem félagið býður uppá.

Garðar Hilmars bendir á að ef viðkomandi hættir störfum vegna örorku eða eftirlauna þá heldur hann félagsaðild sem rennur út við andlát eða viðkomandi hætti sjálfur. En það þarf að sækja um þessa aðild. Aðilar úr sal vilja eyða óvissu um aðild og setja þetta inn í lög. Þá þyrfti að breyta orðalagi, “heldur öllum félagsréttindum ef hann kys” Ingibjörg stakk uppá að þetta orðalag færi inn í kaflann um lífeyrisdeild.

Gestur segir það oft betra að fá bókaðar athugasemdir sem fara inní vinnu laganefndar fyrir næsta aðalfund.

Þórir Kjartansson spyr hvort félagsmaður haldi öllum félagsréttindum eða hvort eitthvað detti út, vísar í kjölfarið á réttindi gagnvart orlofshúsum.

Guðrún Kristín Svavarsdóttir er ánægð með þessa viðbót en vill einnig bæta við að þeir sem eru á endurhæfingarlífeyrir séu með og vill tryggja að þessi réttur nái til þeirra líka. Kjartan bendir á að tímabundin örorka nær yfir endurhæfingarlífeyri. Vill hann koma þessu inn í tillöguna líka, hvaða réttindi þau hafa nákvæmlega og hvort þau missa einhver réttindi.

Gestur vill fá skriflega tillögu um þetta mál.

Ingibjörg Óskarsdóttir spyr hvort breyting verði á rétti ellilífeyrisþega til að sækja um orlofshús á álagstímum. Félagar SFR höfðu ekki þann rétt.

Gunnar Mattíasson bað fólk um að tala varlega um hvað við orðum sem svo að eftirlaunaþegar séu að taka frá hinum vinnandi, öll endum við á þeim stað. Hann bendir á að orlofsnefnd setji reglur um úthlutun. Við viljum standa með þeim sem hafa lagt til félagsins í mörg ár.

Sjöfn bendir á að þessi grein kemur úr lögum St.Rv. og hefur aldrei verið til trafala.

Árni Stefán tekur til máls varðandi 26. gr. Þar mætti misskilja fjölda fulltrúa eftir samningaeiningum, frekar ætti að tala um lágmark, en ekki ákveðinn fjölda fulltrúa. Verður þetta tekið til skoðunar.

26. gr.

Fulltrúaráðið er skipað stjórn félagsins, formönnum sjóða félagsins og 90 fulltrúum sem kosnir eru af trúnaðarmannaráði á fyrsta trúnaðarmannaráðsfundi að hausti eftir kosningu á oddatöluári. Við kosningu fulltrúa í fulltrúaráð skal tryggt að lágmarki séu tveir fulltrúar frá eftirtöldum landshlutum: Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi Vestra, Norðurlandi Eystra, Austurlandi, Suðurlandi og Reykjanesi. Einnig skal vera tryggt að eftirtaldar kjarasamningseiningar eigi ákveðinn tiltekinn fjölda fulltrúa í ráðinu, (1) kjarasamningur – ríkisins/sjálfsseignarstofnanir, (10 fulltrúa), (2) kjarasamningur – sveitarfélaganna/sjálfsseignarstofnanir (10 fulltrúa), (3) kjarasamningur – SA og annarra sem félagið gerir kjarasamning við (5 fulltrúa). Formaður félagsins er jafnframt formaður fulltrúaráðs. Trúnaðarmannaráð skal setja nánari reglur um framkvæmd kosninga í fulltrúaráði.

Ingibjörg Grímsdóttir kemur í pontu og ræðir 14. kaflann.

.....” Stjórn sameinaðs félags verður skipuð núverandi stjórn SFR og St.Rv. næstu tvö árin. Formaður SFR verður formaður sameinaðs félags og formaður St.Rv. varaformaður. Orlofs- og vinnudeilusjódir félaganna skulu sameinaðir. Stjórn sameinaðs félags ákveður hverjir verða formenn stjórnna sjóðanna til næstu tveggja ára....

Hún spyr hvort hún sé að skilja þetta rétt, öll stjórnin og báðir formennirnir hætti árið 2021? Hún vill tryggja að félagið verði ekki munaðarlaust árið 2021. Árni Stefán svarar, það er verið að tryggja að þessar stjórnir haldist næstu 2 árin óbreyttar, en sumir hafa lengri tíma en 2 ár. En ljóst er að hann og Garðar Hilmarsson munu ekki gefa kost á sér að þessum 2 árum loknum.

Gestur boðar til atkvæðagreiðslu á lögnum í heild sinni, í stað þess að taka hverja grein fyrir sig. Engar athugasemdir og verða þá lög sett fram í heild til samþykkis.

Gestur áréttar að það þarf 2/3 hluta atkvæða til að samþykkja lög.

Lögin sem fundarmenn hafa í höndunum eru því borin upp til samþykktar með þeim breytingum að nafnið Sameyki stéttarfélag í almannajónustu er komið í stað xx. Einnig er viðbót við 4 gr. Viðbætt 3. Mgr. sem birt var á skjá. Að lokum breyting á 26 gr í stað ákveðinn kemur að lágmarki.

Gestur óskar eftir leyfi til kosningar á lögum Sameykis með handauppréttingu.

Það var **samþykkt** einróma.

Í kjölfarið voru lög sjálf borin upp til samþykktar og voru þau **samþykkt með öllum greiddum atkvæðum**.

2. Félagsgjöld

Garðar Hilmars stígur í pontu og tekur á félagsgjöldum nýs félags. Ber hann fram nýja tillögu: félagsgjaldið verði 1% af heildarlaunum. Skiptist það á eftirfarandi hátt, 87% í félagssjóð og 13% í vinnudeilusjóð. Félagsgjald SFR var 1,1% og var hjá St.Rv. 1%.

Hafdís Vilhjálmsdóttir spyr um hvert hlutfallið var áður. Árni segir að 1,1% hafi skiptst upp í 87% félagsgjald og 23% í vinnudeilusjóð. Garðar upplýsti að hjá St.Rv. skiptist gjaldið 90% í félagssjóð og 10% í vinnudeilusjóð.

Félagsgjald Sameykis **samþykkt** samhljóða með handauppréttingu.

3. Ályktanir

Gestur býður Jakobínu í pontu til að lesa upp tillögu að ályktun aðalfundar Sameykis. Jakobína les eftirfarandi ályktun sem var **samþykkt** einróma.

Stærsti hluti félagsmanna Sameykis stéttarfélags starfar á opinberum vettvangi við almannaþjónustu. Kjarasamningar meirihluta félagsmanna eru lausir í lok mars og munum við á næstu dögum setja okkur í samband við okkar stærstu viðsemjendur. Krafa um að vinnandi fólk geti lifað mannsæmandi lífi af launum sínum er grundvallar mannréttindakrafa. Jöfnun launa á milli vinnumarkaða er eitt af okkar mikilvægu málum sem við leggjum ríka áherslu á að verði lokið eins fljótt og auðið er. Auk þess viljum við tryggja að launaþróunartryggingin haldi sér. Við sem störfum í almannaþjónustu þekkjum best hversu mikilvægt er að hlúa að innviðum velferðarkerfisins og búa þannig um hnútana að það sé tryggt og öllum opið. Starfsmenn í almannaþjónustu hafa búið við mikið álag og stytting vinnuvikunnar er því mikilvæg til þess að koma til móts við vaxandi álag og streitutengda sjúkdóma og mun styttingin skipta miklu máli fyrir opinbera starfsmenn.

Við fögnum tillögum átakshóps um húsnæðismál sem hefur verið baráttumál lengi en leggjum áherslu á að þeim þurfi að fylgja eftir. Tillögur ASÍ um skattkerfisbreytingar tóna við stefnu BSRB í skattamálum meðal annars um fjölgun skattþrepa og tókum við þeim því fagnandi. Sameyki stéttarfélag óskar þeim félögum sem nú standa í eldlínunni í kjarasamningsviðræðunum góðs gengis og við fylgjumst vel með þróun mála.

Gunnar Mattíasson fagnar ályktuninni og lítur svo á að þetta séu góð skilaboð út í samfélagið.

Gestur boðar Árna Stefán í pontu til að fresta aðalfundi Sameykis. Árni þakkar fundarstjórum fyrir röggsama stjórnun, fundarriturum og tæknimanni. Framhaldsaðalfundur Sameykis verður þann 28 mars 2019, Kl 17:00.

Aðalfundi frestað.

Fylgiskjal 1.

1. Lagabreytingar

Tillaga að lögum

1. kafli

Nafn og tilgangur

1. gr. - Félagið heitir XX. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Félagssvæði þess er landið allt. Félagið skiptist í tvo hluta, opinberan hluta og almennan hluta. Í O-hlutanum eru einstaklingar sem aðild eiga á grundvelli 1. til 2. töluliðs 3. gr. laga þessara. Í A-hlutanum eru einstaklingar sem aðildarrétt eiga á grundvelli 3. og 4. töluliðs 3. gr. þessara laga. Lög nr. 94/1986 gilda um starfsemi O-hluta félagsins við gerð kjarasamninga en lög nr. 80/1938 gilda um kjarasamningsgerð A-hluta.

2. gr. - Tilgangur félagsins er:

1. Að vinna að hagsmunamálum félagsmanna og standa vörð um réttindi þeirra og beita sér gegn hvers konar misrétti í launagreiðslum og starfskjörum.
2. Að fara með fyrirsvar einstaklinga, sem aðild eiga að félaginu, við gerð kjarasamninga.

2. kafli

Aðild að félaginu og úrsögn

3. gr. - Rétt til inngöngu í félagið eiga:

1. Einstaklingar í þjónustu ríkisins og sveitarfélaga sem eiga ekki aðild að öðru stéttarfélagi sem fer með samningsaðild fyrir viðkomandi starfsmann.
2. Einstaklingar sem starfa hjá sjálfseignarstofnunum skv. 2. gr. laga nr. 94/1986.
3. Einstaklingar sem starfa hjá stofnunum og fyrirtækjum sem starfa í almannabágu.
4. Einstaklingar sem starfa utan almannabjónustu og eiga ekki aðild að öðru stéttarfélagi.

4. gr. - Gangi félagi úr þjónustu ríkisins eða sveitafélaga eða stofnana eða félaga sem falla undir ákvæði 2. tl. 3. gr. eða hætti störfum hjá atvinnurekanda skv. 3. og 4. tl. 3. gr. telst hann ekki lengur í félaginu.

Félagsmaður sem verður atvinnulaus á rétt til áframhaldandi félagsaðildar meðan hann er á skrá sem atvinnulaus, enda eigi hann ekki aðild að öðru stéttarfélagi. Atvinnulausir greiði félagsgjald, en heimilt er stjórn félagsins að fella það niður að hluta eða öllu leyti.

Rísi deila um lögmati uppsagnar félagsmanns úr starfi telst hann þó félagsmaður þar til hún er til lykta leidd.

Félagsmenn sem ráðnir eru til starfa hjá félaginu eða heildarsamtökum opinberra starfsmanna halda enn fremur óskertum félagsréttindum meðan þeir gegna slíku starfi.

5. gr.- Einstaklingur sem uppfyllir eitthvert skilyrði 3. gr. til þess að geta orðið félagsmaður og greiðir félagsgjald til félagsins, telst þar með félagsmaður. Stjórn félagsins skal kynna nýjum félagsmanni réttindi hans og skyldur í félaginu.

6. gr. - Halda skal aukaskrá yfir einstaklinga sem ekki eru félagsmenn en greiða gjald til félagsins skv. 2. mgr. 7. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Félagsmaður sem ekki greiðir félagsgjöld skv. lögum félagsins skal færður á aukaskrá með ákvörðun stjórnar félagsins, enda hafi vanskil staðið a.m.k. 3 mánuði.

Þeir sem eru á aukaskrá njóta hvorki atkvæðisréttar né annarra félagsréttinda fyrr en viku eftir að þeir hafa greitt skuld sína við félagið.

Félagsstjórn er heimilt að undanþiggja menn félagsgjöldum ef veikindi eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

7. gr. - Allir þeir sem aðild eiga að félaginu eru skyldugir að hlýða lögum þess. Þyki sannað að félagsmaður hafi framið alvarlegt brot á lögum þessum eða vísvitandi valdið félaginu tjóni á annan hátt, getur aðalfundur vikið viðkomandi úr félaginu, en til þess þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

8. gr. - Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og sendast félagsstjórn og telst viðkomandi genginn úr félaginu þremur mánuðum eftir að úrsögn barst félagsstjórn enda sé hann skuldlaus við félagið.

3. kafli

Stjórn og stjórnarkosning

9. gr. - Stjórn félagsins skipa fimmtán menn, formaður og fjórtán meðstjórnendur, er skulu kosnir úr hópi fullgildra félagsmanna til þriggja ára í senn.

Formaður skal kosinn sérstaklega en fjórtán meðstjórnendur skulu kosnir í einu lagi. Ekki má sami maður gegna störfum formanns lengur en fjögur kjörtímabil (12 ár) samfellt. Þótt formaður hafi setið í stjórn félagsins hefur það engin áhrif á þann tíma sem honum er heimilt að gegna formennsku. Meðstjórnendum er ekki heimilt að sitja samfellt í stjórn lengur en þrjú kjörtímabil (9 ár). Stjórnin kys úr sínum hópi varaformann og ritara. Ef einn eða fleiri ganga úr stjórn á kjörtímabilinu, er stjórn heimilt að tilnefna nýjan stjórnarmann sem fulltrúaráð verður að staðfesta. Ef formaður gengur úr stjórn á kjörtímabilinu þá tekur varaformaður við fram að næsta kjöri.

10. gr. - Kjör stjórnar fer fram við allsherjaratkvæðagreiðslu. Kjörstjórn skal senda félagsmönnum kjörgögn. Atkvæðagreiðsla skal fara fram með rafrænum hætti ef því verður við komið, annars skriflegum og þá skal hafa hliðsjón af því sem tíðkast við utankjörfundarkosningu til Alþingis varðandi frágang kjörgagna. Kosning skal standa yfir í a.m.k. 10 daga ef hún er rafræn en 15 daga annars og skal henni lokið sólarhring fyrir aðalfund. Atkvæði sem berast kjörstjórn að þeim tíma liðnum skulu ógild.

Kjörseðill skal vera tvískiptur þannig:

1. hluti fyrir formanskjör

2. hluti fyrir kjör meðstjórnenda

Nöfnum frambjóðenda skal raðað í stafrófsröð í hverjum hluta. Tilgreina skal vinnustað frambjóðenda og starfsheiti. Komi ekki fram tillögur um fleiri menn í hvert stjórnarsæti en kjósa skal eru þeir sjálfkjörnir.

11. gr. – Fulltrúaráð skal kjósa uppstillingarnefnd sem skipuð er 7 aðalmönnum og tveimur til vara. Stjórn félagsins skal undirbúa tillögu um uppstillingarnefndina sem lögð er fyrir fulltrúaráð.

Hlutverk uppstillingarnefndar er eftirfarandi:

Gera tillögu um formann og stjórn félagsins. Einnig skal hún gera tillögur um stjórn orlofssjóðs, stjórn starfsmenntunarsjóðs, stjórn styrktar- og sjúkrasjóðs, stjórn vinnudeilusjóðs, kjörstjórn, skoðunarmenn reikninga og endurskoðendur.

Uppstillingarnefnd skal leggja tillögur sínar fyrir fulltrúaráð eigi síðar en 40 sólarhringum fyrir aðalfund þegar stjórn félagsins er kosin. Fulltrúaráð skal afgreiða tillögur uppstillingarnefndar og verða þær tillögur ráðsins.

Heimilt er 50 eða fleiri félagsmönnum að gera tillögur um einn eða fleiri stjórnarmenn. Skulu þær vera skriflegar og berast stjórn félagsins a.m.k. 25 sólarhringum fyrir aðalfund. Öllum tillögum skal fylgja skriflegt samþykki þeirra sem tillaga er gerð um. Vanti samþykki aðila telst tillaga um hann ógild. Tillögum skulu fylgja upplýsingar um vinnustað, kennitala og heimilisfang.

4. kafli

Aðalfundur

12. gr. - Aðalfundur skal auglýstur á tryggilegan hátt með a.m.k. 35 sólarhringa fyrirvara. Jafnframt skal auglýst eftir tillögum um stjórnarmenn þegar stjórnarkjör fer fram, sbr. ákv. 9. og 10. gr. Aðalfundur er æðsta vald félagsins.

13. gr. - Aðalfundur skal halda fyrir lok marsmánaðar ár hvert. Takist ekki að ljúka aðalfundarstörfum á einum fundi skal boða til framhaldsaðalfundar.

Þessi eru sérstök verkefni aðalfunda, nema á því ári sem ekki fer fram stjórnarkjör, falla af dagskrá fundarins töluliðir 4, 6 og 8.

1. Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins á síðastliðnu ári.
2. Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið almanaksár.
3. Tekin ákvörðun um tillögur til lagabreytinga og breytinga á reglum sjóða.
4. Úrslit allsherjaratkvæðagreiðslu í stjórnarkjöri kynnt.
5. Kosinn löggiltur endurskoðandi félagsreikninga, tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
6. Kosnir fimm menn í kjörstjórn og jafnmargir til vara.
7. Ákveðið árgjald félagsmanna og skipting þess milli sjóða.
8. Kosið í stjórn: orlofssjóðs, vinnudeilusjóðs, starfsmenntunarsjóðs og styrktar- og sjúkrasjóðs skv. reglum þeirra.
9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar.
10. Ályktanir aðalfundar afgreiddar.
11. Önnur mál.

14. gr. - Kjörstjórn skipa fimm menn og jafnmargir til vara og skal kosin úr hópi fullgildra félagsmanna til þriggja ára á þeim aðalfundi þegar stjórnarkjör fer fram.

Kjörstjórn skal ásamt stjórn félagsins hafa á hendi undirbúning og framkvæmd kosningarinnar. Sé kjörstjórnarmaður í framboði við stjórnarkjör skal hann víkja sæti fyrir varamanni. Sá varamaður sem flest atkvæði hefur fengið tekur fyrsta sæti sem losnar í kjörstjórn, þá sá sem næstflesta atkvæði hefur fengið og þannig áfram.

15. gr. - Stjórn félagsins lætur gera kjörskrá um alla félagsmenn er atkvæðisréttar njóta, sbr. 6.gr. og skal hún liggja frammi á skrifstofu félagsins frá því að aðalfundur er auglýstur. Allar kærur út af kjörskrá skal kjörstjórn úrskurða um. Kærufrestur rennur út sólarhring fyrir aðalfund.

Í kjörskrá skulu skráðar upplýsingar um kennitölu og heimilisfang félagsmanna.

16. gr. - Félagsmenn hafa frjálst val að kjósa þá menn sem í kjöri eru og skulu þeir gera það á þann hátt að merkja við fyrir framan nafn þess er þeir kjósa. Öll önnur merki eða áritanir ógilda kjörseðilinn. Kjörstjórn getur heimilað rafræna kosningu.

Kjósa ber einn mann við formannskjör og fjórtán menn við kjör meðstjórnanda. Sé ekki kosin rétt tala stjórnarmanna í einhverjum hluta kjörseðils er hann ógildur að því er þann hluta varðar.

Kjörstjórn sker úr um gildi vafaatkvæða.

17. gr. - Kjörstjórn ákveður hvar og hvenær talning atkvæða skal fara fram. Frambjóðendur við formannskjör eða umboðsmenn þeirra mega vera viðstaddir talningu.

18. gr. - Kjörstjórn skal halda gerðabók og færa í hana allt sem kosningu varðar, undirbúning, framkvæmd og niðurstöður.

5. kafli

Stjórnarfundir og stjórnarstörf

19. gr. - Formaður skal boða til funda og gegna öðrum venjulegum formannsstörfum. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. Ritari sér um að fundargerðir séu ritaðar og varðveittar með öruggum hætti fyrir stjórnar-, trúnaðarmannaráðs- fulltrúaráðs- og félagsfundi.

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum þess milli aðalfunda.

Stjórnin vinnur að stefnumótun félagsins og stuðlar að framgangi mála sem félagið hefur sett sér. Stjórnin sér um að skipulag og starfsemi félagsins sé í samræmi við lög þess. Stjórnin ber ábyrgð á fjárreiðum og eignum félagsins og tekur allar meiriháttar ákvarðanir er lúta að fjármálum og fjárhagsskuldbindingum þess. Stjórnin skipar stjórn Vísindasjóðs og stjórn sérstaks styrktarsjóðs.

Stjórnin skal yfirfara og samþykkja reikninga félagsins með áritun.

Stjórnin tekur ákvarðanir um ráðningu starfsmanna félagsins og semur um kjör þeirra.

Stjórnin felur formanni daglegan rekstur félagsins og ákveður laun hans.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar mætir. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum.

6. kafli

Fjármál

20. gr. – Félagsgjald félagsmanna skal ákveðið á aðalfundi og fellur það þá þegar í gjalddaga. Heimilt er að láta draga félagsgjaldið frá launum félagsmanna.

Sjóði félagsins skal ávaxta hjá fjármálastofnunum á sem tryggastan hátt.

Úr félagssjóði skal greiða nauðsynlegan kostnað vegna starfsemi félagsins.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar félagsins skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins 10 sólarhringum fyrir aðalfund.

Tillögur sem fela í sér breytingar á útgjöldum fyrir félagsmenn er einungis heimilt að afgreiða á aðalfundi félagsins að undangenginni kynningu á tillögunni í fundarboði.

Auk félagssjóðs hefur XX orlofssjóð, vinnudeilusjóð, styrktar- og sjúkrasjóð, sérstakan styrktarsjóð, vísindasjóð og starfsmenntunarsjóð. Um starfsemi sjóðanna skal setja reglur sem staðfestar skulu á aðalfundi.

7. kafli

Félagsfundir

21. gr. - Félagsfundir skal boða svo oft sem þurfa þykir og er félagsstjórn skylt að boða þá ef 50 fullgildir félagsmenn krefjast þess og tilgreina fundarefni. Félagsfundir skal boða með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara og skal fundurinn auglýstur á sem tryggilegastan hátt í fjölmiðlum eða þar sem hentar þykir. Fundur er lögmetur ef löglega er til hans boðað.

22. gr. - Fundum skal stjórnað eftir fundarsköpum er félagið setur. Ef ágreiningur verður um fundarsköp úrskurðar fundarstjóri, en skotið getur hann ágreiningsefni undir atkvæði fundarmanna. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum nema þar sem öðruvísi kann að verða ákveðið í lögum þessum.

8. Kafi

Fulltrúar á þing BSRB

23. gr. - Kjör fulltrúa á þing BSRB skal fara fram á trúnaðarmannaráðsfundi.

9. kafli

Trúnaðarmannaráð

24. gr. - Á hverjum vinnustað þar sem starfa 5 eða fleiri félagsmenn sbr. lög nr. 94/1986, skal í maí annað hvert ár (oddatöluár) kjósa trúnaðarmann til tveggja ára, sem tilkynnt sé félagsstjórn. Velja má annan til vara. Berist eigi tilkynning um val fyrir 31. maí skal félagsstjórn skipa trúnaðarmann án tilnefningar og tilkynna það félögum á vinnustaðnum. Félagsstjórn setur trúnaðarmönnum starfsreglur.

25. gr. - Trúnaðarmenn þeir sem eru kjörnir eða skipaðir samkvæmt 24. gr. eða kjörnir samkvæmt ákvæðum 28. gr. mynda ásamt stjórn trúnaðarmannaráðs. Hlutverk þess er að fjalla um þau málefni á fundum sínum sem snerta vinnu og aðstöðu trúnaðarmanna í störfum sínum ásamt fræðslu um þjóðfélagsmál sem hæst ber hverju sinni og að gagna koma í störfum trúnaðarmanna. Einnig er það hlutverk trúnaðarmannaráðs að fjalla um kjara- og réttindamál starfsmanna, sérstaklega þegar gera á almenna kjarasamninga. Fundir í trúnaðarmannaráði skulu vera að lágmarki 2 á ári.

10. kafli

Fulltrúaráð

26. gr. Fulltrúaráðið er skipað stjórn félagsins, formönnum sjóða félagsins og 90 fulltrúum sem kosnir eru af trúnaðarmannaráði á fyrsta trúnaðarmannaráðsfundi að hausti eftir kosningu á oddatöluári. Við kosningu fulltrúa í fulltrúaráð skal tryggt að lágmarki séu tveir fulltrúar frá eftirtöldum landshlutum: Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi Vestra, Norðurlandi Eystra, Austurlandi, Suðurlandi og Reykjanesi. Einnig skal vera tryggt að eftirtaldar kjarasamningseiningar eigi ákveðinn tiltekinn fjölda fulltrúa í ráðinu, (1) kjarasamningur – ríkisins/sjálfsseignarstofnanir, (10 fulltrúa), (2) kjarasamningur –

sveitarfélaganna/sjálfsseignarstofnanir (10 fulltrúa), (3) kjarasamningur – SA og annarra sem félagið gerir kjarasamning við (5 fulltrúa).

Formaður félagsins er jafnframt formaður fulltrúaráðs. Trúnaðarmannaráð skal setja nánari reglur um framkvæmd kosninga í fulltrúaráði.

27. gr. – Fulltrúaráð skal vinna að stefnumótun fyrir félagið í samráði við stjórn og annast undirbúning fyrir aðalfund félagsins, þar á meðal að kjósa uppstillingarnefnd og laganefnd þegar það á við. Á fundum fulltrúaráðs skal m.a. gerð grein fyrir fjárhagsstöðu sjóða félagsins og lögð fram skýrsla yfir starfsemina einu sinni á ári. Fulltrúaráð skal ákveða hvaða fastanefndir skulu starfa og setja þeim reglur og kjósa í þær. Fulltrúaráð getur einnig stofnað aðrar nefndir eða vinnuhópa innan félagsins í kringum sérstök verkefni. Fulltrúaráð skal fjalla um kjara- og réttindamál og annast undirbúning kjarasamninga.

11. kafli

Deildaskipting

28. gr. - Heimilt er að stofna sérstakar deildir innan félagsins með þeim er vinna skyld og samskonar störf eða störf sem krefjast hliðstæðrar menntunar. Hver slíkra deilda hefur rétt til að velja fyrir sína hönd tvo áheyrnarfulltrúa í trúnaðarmannaráð og fulltrúaráð.

Reglur fyrir deildir þessar öðlast ekki gildi fyrr en félagsstjórn hefur staðfest þær en hlutverk þeirra skal vera:

1. Að vinna að því að hver félagsmaður sem til þess hefur rétt sé meðlimur í deildinni.
2. Að fylgjast með því að samningar séu haldnir og réttindi starfsmanna í heiðri höfð og reyna að leysa þau ágreiningsmál sem upp kunna að koma og bundin eru við deildarmenn.
3. Að veita félagsstjórn aðstoð við söfnun gagna og upplýsinga og annað er hún kann að óska eftir.
4. Að efla gagnkvæman skilning og einingu og stuðla að fræðslu- og menningarstarfi innan vébanda deildarinnar.

Háskóladeild

Starfrækja skal deild félagsmanna með háskólamenntun. Háskóladeild skipa einstaklingar sem lokið hafa að minnsta kosti Bachelor gráðu eða sambærilegu námi og uppfylla eitthvert skilyrði 3.gr.

Deildin setur sér starfsreglur sem öðlast gildi er félagsstjórn hefur staðfest þær. Í þeim skal m.a. kveðið á um tilgang deildarinnar sem er að fjalla um hagsmuna- og sérmál er varða réttindi og kjör félagsmanna með háskólamenntun. Stjórn Háskóladeildar XX skal heimilt að kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa og tvo til vara sem eiga rétt til setu í trúnaðarmannaráði og fulltrúaráði félagsins. Stjórn deildarinnar skal skila ársskýrslu til stjórnar XX á hverju ári.

Lífeyrisdeild

Félagsmenn sem láta af störfum vegna aldurs eða örorku hafa heimild til að starfrækja innan félagsins deild.

Deildin setur sér starfsreglur sem öðlast gildi er félagsstjórn hefur staðfest þær, sbr. ákvæði 1. mgr. Í þeim skal m.a. kveðið á um tilgang deildarinnar, sem er að fjalla um sérmál er varða hagsmuni og réttindi þeirra svo og almennt félagsstarf og kynningu.

Stjórn lífeyrisdeildar XX skal heimilt að tilnefna úr sínum hópi 14 fulltrúa í trúnaðarmannaráð og þar af 5 fulltrúa í fulltrúaráð.

Formaður lífeyrisdeildar skal boðaður á stjórnarfundum XX, þegar á dagskrá eru mál sem varða málefni þeirra.

12. kafli

Ákvæði vegna laga um kjarasamninga

29. gr. – Stjórn félagsins gerir tillögur um samninganefndir vegna hvers kjarasamnings og leggur fyrir trúnaðarmenn á hverju kjarasamningssviði til samþykktar eða synjunar. Fjöldi félagsmanna í samninganefnd skal fara eftir stærð en þó aldrei vera fjölmennari en 12 manns. Formaður félagsins skal vera formaður samninganefnda nema hann skipi annan í sinn stað. Við kjör samninganefndar skal þess gætt að í nefndina séu kjörnir fulltrúar ólíkra starfsgreina innan hvers kjarasviðs.

30. gr. - Tilkynna skal viðsemjendum eigi síðar en við upphaf samningaviðræðna hverjir skipi samninganefndir félagsins.

31. gr. - Trúnaðarmannaráð tekur ákvörðun um uppsögn kjarasamninga. Uppsögn skal tilkynna í samræmi við 2. kafla laga 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða skv. 6. gr.1. nr. 80/1938, eftir því sem við á. Sömu aðilar taka ákvörðun um að boða til allsherjaratkvæðagreiðslu um verkfall. Um þá atkvæðagreiðslu fer skv. 15. gr. þeirra laga.

32. gr. - Samkomulag um kjarasamning skal samninganefnd félagsins undirrita með fyrirvara. Um endanlegt samþykki þeirra félagsmanna sem kjarasamningurinn tekur til, skal viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu eins fljótt og kostur er. Við breytingu á kjarasamningi á samningstímabilinu er ekki skylt að viðhafa atkvæðagreiðslu.

33. gr. - Samninganefnd tekur ákvörðun um frestun eða afboðun verkfalls eftir undirritun kjarasamnings.

13. kafli

Ýmis ákvæði

34. gr. - Heimilt er að láta fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu um stærri mál. Stjórn tekur ákvörðun um allsherjaratkvæðagreiðslu og niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er endanleg ákvörðun.

Kjörstjórn sér ásamt stjórn félagsins um undirbúning og framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslna og skal hún sjá um að þær fari fram á tryggilegan hátt. Heimilt er að viðhafa rafræna kosningu samkvæmt frekari ákvörðun kjörstjórnar. Kjörstjórn staðfestir kjörskrá og ákveður hverju sinni meðferð kjörgagna og fyrirkomulag á talningu atkvæða.

35. gr. - Komi fram tillaga sem studd er af 80 félagsmönnum um að leysa félagið upp, skal hún lögð fyrir trúnaðarmannaráðsfund. Ef tillagan er samþykkt með 2/3 hluta greiddra atkvæða á fundi trúnaðarmannaráðs, skal þá höfð um hana allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna. Tillagan telst því aðeins samþykkt að hún hljóti 2/3 greiddra atkvæða.

Verði félagið leyst upp skulu gerðarbækur þess og skjöl ásamt öðrum eignum afhent BSRB til fullrar eignar og umráða.

36. gr. - Við framkvæmd og túlkun laganna skal haft í huga að innan félagsins eru annars vegar félagsmenn sem starfa eftir kjarasamningum sem gerðir eru skv. lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 og hins vegar félagsmenn sem starfa á almennum vinnumarkaði þar sem um gerð kjarasamninga gilda lög nr. 80/1938. Ákvarðanir um kaup og kjör sem varða annan hópinn sérstaklega skulu einungis bornar undir hann.

37. gr. - Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi enda hafi tillögur þar að lútandi borist til félagsstjórnar áður en aðalfundur er auglýstur og þeirra getið í fundarboði. Tillögur til lagabreytinga skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins 10 sólarhringum fyrir aðalfund. Á aðalfundi er heimilt að gera breytingartillögur við löglega fram komnar tillögur til lagabreytinga enda feli breytingartillögur ekki í sér óskyld efni við upprunalegu tillögurnar. Til að lagabreyting nái fram að ganga verður hún að vera samþykkt með 2/3 greiddra atkvæða. Um leið og samþykkt er breyting á lögum skal ákveðið með fundarsamþykkt hvenær breytingin tekur gildi.

14. kafli

Bráðabirgðaákvæði vegna sameiningar SFR stéttarfélags í almannajónustu og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar (St.Rv.) byggjast á samþykki félagsmanna í allsherjaratkvæðagreiðslu sem fór fram í nóvember 2018. Sameining félaganna verður með þeim hætti að nafni SFR, stjórn og lögum verður breytt og munu þau gilda um sameinað félag.

Félagsmenn St.Rv. fá aðild að sameinuðu félagi á aðalfundi sem er haldinn 26. janúar 2019 og skulu njóta þar félagsréttinda eins og um samfellda félagsaðild hafi verið að ræða frá þeim tíma er þeir urðu félagar í St.Rv.

Stjórn sameinaðs félags verður skipuð núverandi stjórnnum SFR og St.Rv. næstu tvö árin. Formaður SFR verður formaður sameinaðs félags og formaður St.Rv. varaformaður. Orlofs- og vinnudeilusjóðir félaganna skulu sameinaðir. Stjórn sameinaðs félags ákveður hverjir verða formenn stjórna sjóðanna til næstu tveggja ára.

Núverandi trúnaðarmannaráð SFR og fulltrúaráð St.Rv. skulu starfa áfram þar til kosning um nýja trúnaðarmenn fer fram í maí 2019 og í framhaldi kosning í fulltrúaráð sameinaðs félags.

Ákvæði 14. kafla laganna falla úr gildi á aðalfundi sameinaðs félags sem verður haldinn árið 2021.